

Samkeppni um útilistaverk í Fljótsdal

Vinningsstillaga

Listamaður:

Vignir Jóhannsson

Orkuteningurinn



Lýsing listamannsins á verki sínu:

Glerteningur sem inniheldur ferli orkunnar, frá náttúrulegu vatnsaflí til sjónrænnar upplifunar í listrænu formi.

Hugmyndalega byggir verkið á nýtingu náttúrulegrar orku og umbreyting hennar til notkunar í nútímasamfélagi til framleiðslu, miðlun menningarstrauma og upplifunar á listum í tæknipjóðfélagi. Veðurhamurinn úti fyrir verkinu knýr hreyfingu myndarinnar en orka virkjunarinnar knýr ljósmagnið í fletinum. Þannig myndast samspil náttúru og tækni sem er megininntak verksins og virkjunarinnar. Hreyfiaflið er virkjað í þágu áhrifamáttar verksins og listarinnar.

Verkið er stórt ferhyrnt form, einfaldur kubbur úr gleri á fjóra vegu. Aðalhlíð kubbsins sem snýr beint á móti gestum sem koma að staðnum er úr gleri, en innanundir því er sérstakt einlitlað gler. Annar hlíðarveggurinn er gerður úr lituðum glerplötum í bláum litatönum. Gagnstæður bakveggur er litaður dókkur og mattur með rennandi vatni niður flötinn. Á hann er varpað mynd af affallsfossi Kárahnjúka-stíflunnar. Úr loftinu hanga þrjár sérskornir kristalskúlptúrar sem eru þannig tengdir gegnum loftið að þeir geta hreyfst og snúist eftir vindstyrk veðursins úti fyrir. Með hreyfanleika kristalsins og sterkum þröngum ljósgeislunum þá skapast hreyfanlegar samsettar myndir sem færast til í fletinum. Utanfrá séð þá er alltaf hreyfanleg mynd á einum fleti og fer hreyfanleikinn eftir veðrinu hverju sinni. Því meiri vindstyrkur og fjölbreytileg vindátt á svæðinu, þeim mun meiri hreyfing er á litum og ljósbrotum innan teningsins.

Listaverkið tekur mið af byggingunum á svæðinu, stærðarhlutföllum þeirra og arkitektúrnum sem er sérkenni þeirra í heild sinni. Verkið er staðsett á tengivirkishúsinu og fyllir upp í ferhyrninginn sem er á endavegg byggingarinnar og snýr stærsti flötur þess mót aðkomuveginum að stöðvarhúsunum. Með slíkri staðsetningu einfaldast hin sjónræna upplifun af staðnum sem tekur á móti gestum.



Landsvirkjun

Góðir straumar í 40 ár